

**Kennari:**  
Alexía Ósk Sigurðardóttir  
Lísa Mjöll Ægisdóttir

**Kennslufyrirkomulag:**  
Verkleg kennsla inn í bekk

**Tímafjöldi:**  
6 kennslustundir

**Bekkur:**  
3. og 4. bekkur

### Vinátta- og félagsfærnismiðja

Í þessari smiðju er unnið markvisst að efla vinátta- og félagsfærni með því að fara í ýmsa leiki, samvinnuleiki, fræðslu, hópavinnu sem ýtir undir sköpunarhæfni nemenda. Unnið er með styrkleika hvers og eins og að þau þekki sína eigin styrkleika ásamt annarra.

Markmið þessara smiðju felst meðal annars í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og getu til að nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms. Hæfni til tjáningar, gagnrýnnar hugsunar, hæfni til samstarfs við aðra, sjálfsþekkingar, ábyrgðar og sjálfstæðis, frumkvæðis og skapandi hugsunar eru meðal þeirra þátta sem leggja grunn að heildstæðri almennri menntun alla ævi.

### Vinátta- og félagsfærnismiðja

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
<ul style="list-style-type: none"><li>- Samskipti</li><li>- Félagshæfni</li><li>- Vinátta</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Handspil</li><li>Uno</li><li>Tvenna</li><li>Leikir</li><li>Bolti</li><li>Húllahringur</li><li>Efni af vef</li><li>Active Floor</li><li>Beebot</li><li>Classdojo</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>- Getur unnið einföld verkefni í hópi</li><li>- Fylgt fyrirmælum</li><li>- Þekkir styrkleika sína</li><li>- Tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu,</li><li>- Geti meðhöndlað tæki af virðingu</li><li>- Sýnt kurteisi og virðingu í samskiptum</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Hópavinna</li><li>Einstaklingsvinna</li><li>Sýnikennsla</li><li>Leiðsögn</li></ul>

<b>Námsmat:</b>	Námsframvinda og hæfni nemenda metin í lok hvers smiðjuhóps.
-----------------	--

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága